

# Ungmennafélagið Væringjar

2020/10

Ungmennafélagið Væringjar var stofnað 1940 í Öngulstaðahreppi.

Tildrög félagsins voru sú að mánudaginn 4. mars komu saman að Svertingsstöðum tíu ungmenni sem nýlega höfðu gegnið úr U.M.F. Áróðanum vegna ágreinings um skuldbindingarskrá félagsins. Þau höfðu ákveðið að stofna með sér félag og voru saman komin í þeim tilgangi og til að semja lög fyrir félagið.

Í stjórn félagsins voru kosnir Kristján Bjarnason sem formaður, Anna Helgadóttir sem ritari og Baldur Sigurðsson sem féhirðir.

1955 sést á reikningum að félagið stóð að skíðakennslu og samkvæmt gjörðabók var félagið bæði með sér skíðanefnd og sjóð fyrir skíðakennslunni. Einnig er vitað að það hélt böll og stóð að öðru samkomustarfi, oft í samvinnu við hin ungmennafélögin í hreppnum. Önnur starfsemi sem félagið tók sér fyrir hendur voru skemmtiferðir á sumrin og kartöfluræktun til fjáröflunar.

Félagið vann að gerð íþróttavallar ásamt hinum ungmennafélögunum tveimur í hreppnum, Áróðanum og Ársól. Sá völlum er neðan við brekkurnar hjá Syðra-Laugalandi.

Væringjar ásamt hinum ungmennafélögunum og kvenfélögunum í hreppnum, hreppsdeildinni í slysavarnafélagi Íslands og búnaðarfélaginu stóðu að byggingu Freyvangs.

1984 hafði ekki verið virkt félagastarf í Væringjum um nokkurra ára skeið og sjóðir félagsins voru því sem næst tómir, því gátu Væringjar ekki greitt að fullu sinn hluta í rekstrarkostnaði Freyvangs. Einnig voru sárafáir skráðir félagar búsettir á félagssvæðinu og enginn áhugi á að endurvekja starfsemi félagsins. Var því ákveðið að leggja félagið formlega niður og var eignarhluta Væringja í Freyvangi ráðstafað til Leikfélags Öngulsstaðahrepps. Þær örfáu krónur sem voru í sparisjóðsbók félagsins var ákveðið að gefa til Kaupangskirkju. Einnig var ákveðið að koma gjörðabókinni til varðveislu á Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

Þessar seinustu gjörðir félagsins töfðust um árabíl og loks var það svo árið 1993 að Kaupangskirkju voru afhentar 1,118 kr, sparisjóðsbókin þar með tæmd og reikningnum eytt. Gjörðabókinni var komið til Héraðsskjalasafnsins. Ungmennafélagið Væringjar lauk því formlega störfum að lokum árið 1993.

Afhendingin barst frá Emilíu Baldursdóttur á Ytra-Hóli en faðir hennar Baldur Sigurðsson var einn af stofnendum Væringja. Fyrir á safnið frá sama skjalamyndara afhendingu 753.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

8. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
-----------	-----	------	------

---

### Ungmennafélagið Væringjar

2020 / 10

#### A-Ungmennafélagið Væringjar

1955 - 1983

2020 - A / 1	1	1957- 1963	Sjóðbók og óheilt félagatal.	Stílabók
2020 - A / 1	2	1976- 1983	Sparisjóðsbók.	
2020 - A / 1	3	1955- 1981	Reikningar, tekjur og gjöld vegna skíðakennslu, 1955; eignareikningar, tekjur og gjöld Væringja 1955; reikningar og skuldabréf, 1957; sendibréf með fundarboði 1958; kvittanir 1980 -1981; tómt boðskort á vígslu Félagsheimilis Öngulstaðahrepps.	Laus blöð.